



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu
b.t. Páls Guðjónssonar, framkvæmdastjóra
Hamraborg 9
200 Kópavogur

SAMGÖNGU- OG
SVEITARSTJÓRNARRÁÐUNEYTIÐ

Solvélgsgötu 7 101 Reykjavík
sími: 545 8200 postur@srn.is srn.is

Reykjavík 8. júní 2017
Tilv.: SRN17041029/3.18.0


Efni: Þátttaka samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins í stýrihóp SSH um "Borgarlínu"


Visað er til bréfs Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu (SSH), dags. 6. apríl, fundar SSH með samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra þann 16. maí sl. og tölvubréfs SSH til ráðuneytisins dags. 18. maí sl. um undirbúning og fjármögnun "Borgarlínu" og aðkomu ríkisins að þeirri vinnu. Einnig er vísað til stefnuyfirlýsingar ríkisstjórnarinnar sem segir að "[s]koðaður verði möguleiki á samstarfi við sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu um „Borgarlínu“."

Í framangreindu tölvubréfi SSH til ráðuneytisins er vísað til fundar SSH með ráðherra og þess að ákveðið var að skipa sérstakan samráðshóp ríkisins og SSH um verkefnið þar sem Sigurbergur Björnsson og Hreinn Haraldsson yrðu fulltrúar ríkisins. Í tölvubréfinu er enn fremur lagt til að í stað samráðshóps yrði núverandi stýrihópur um samkomulag Vegagerðarinnar og SSH frá 17. apríl 2015, skipaður Hreini Haraldssyni, Jónasi Snæbjörnssyni, Degi B. Eggertssyni og Gunnari Einarsyni skipaður fleiri einstaklingum þannig yrðu í hópnum þrír fulltrúar ríkisins og þrír fulltrúar SSH. Í honum tækju einnig sæti þeir Sigurbergur Björnsson og Ármann Kr. Ólafsson.

Ráðuneytið fellst á þessa tilhögun með eftirfarandi skilyrðum:

- Þátttaka ríkisins er án fjárhagslegra skuldbindinga, ef og þar til að um annað verður samið.
- Horft verði á ferðir á stofnæðum til framtíðar með heildstæðum hætti með það að markmiði að fólk og vörur komist greiðlega á milli staða óháð vali á samgöngumáta.
 - Skoðað verði flæði umferðar almenningsgangna, bifreiða og annarri umferð á stofnleiðum.
 - Samhliða útfærslu "Borgarlínu" verði skoðaðar mögulegar viðbætur og endurbætur á stofnbrautakerfinu sem eru til þess fallnar að auka umferðaröryggi, greiða fyrir umferð leysa úr umferðarhnútum.


Jón Gunnarsson


Ragnhildur Hjaltadóttir